



Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Flokki fólksins og Sósíalistaflokks Íslands um að útsend dagskrá ráða og nefnda verði aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar fyrir fundi

Á fundi borgarráðs þann 5. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Flokki fólksins og Sósíalistaflokks Íslands:

Borgarráð samþykkir að hér eftir verði útsend dagskrá í ráðum og nefndum á vegum borgarinnar aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar fyrir fundi. Hingað til hefur dagskráin einungis verið send á ráðsmenn og starfsmenn ráða og nefnda en ekki verið aðgengileg almenningi. Sú tilhögun að birta dagskrána á vef borgarinnar eykur gagnsæi og er í anda góðrar og vandaðrar stjórnsýslu.

Umsögn:

Í 43. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar um boðun funda borgarráðs kemur fram að borgarráð skal boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Heimilt er að senda rafrænt fundarboð ásamt dagskrá og fundargögnum. Hið sama á við um boðun funda annarra fastanefnda. Í samþykktinni er einungis að finna ákvæði um opinbera birtingu og auglýsingu dagskrár borgarstjórnar en fundir hennar eru einu opnu fundirnir í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Reykjavíkurborg hefur síðustu ár unnið markvisst að því að auka aðgengi almennings að fundargerðum og fundargögnum ráða og nefnda og er nú svo komið að mikill meirihluti þeirra birtir framlögð fundargögn á opnum vef Reykjavíkurborgar að fundi loknum. Stefnt er að því að allar fastanefndir verði búin að taka upp nýtt fundargerðarkerfi fyrir lok árs. Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, Flokks fólksins og Sósíalistaflokks Íslands um að birta dagskrá ráða og nefnda opinberlega við boðun funda er í góðu samræmi við þá stefnu og er mælt með því að tillagan verði samþykkt.

Mælt er með því að borgarráð ríði á vaðið og hefji birtingu dagskrár frá og með næsta fundi sínum. Dagskrá verður þá merkt sem drög sem geta tekið breytingum enda er heimilt að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess er óskað samkvæmt 4. mgr. 43. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar